

Sveitarstjóri Dalir

From: Sveitarstjóri Dalir
Sent: laugardagur, 30. desember 2017 20:12
To: Jóhannes Haukur Hauksson; Eyþór Jón Gíslason; Ingveldur Guðmundsdóttir; Halla Steinolfsson; Þorkell Cýrusson; Sigurður Bjarni Gilbertsson; Valdís Gunnarsdóttir; Eyjólfur Ingvi Bjarnason
Subject: Fw: Laugar og co

From: Finnbogi Kristjánsson <finnbogi@fron.is>
Sent: Saturday, December 30, 2017 19:11
To: Sveitarstjóri Dalir
Cc: Þórhallur Örn Hinriksson; Magnús Pálmi Skúlason; Eyjólfur Ingvi Bjarnason; Eyþór Jón Gíslason; Halla Steinolfsson; Ingveldur Guðmundsdóttir; Jóhannes Haukur Hauksson; Sigurður Bjarni Gilbertsson; Valdís Gunnarsdóttir; Þorkell Cýrusson
Subject: Re: Laugar og co

Sæl, öll

Takk fyrir þenna póst.

Ég vísa til fyrri tölvupósts í dag, sem sent var á Svein og cc Þórhall. Aðilar hafa staðist sig vel og vandað sig í samninaferlinu. Eins og ég sagði í fyrri pósti í dag, þá verða gerðir kaupsamningar sem mæla nánar um kaupin, eftir eðli máls og í samræmi við venjur. Kaupandinn lýkur fjármögnunnavinnunni og þá hefst loka kafli í þessu samninaferli sem staðfesta kaupin með kaupsamningum, með tilheyrandi heimilda og gagnavinnu.

Vona að markiðum sem ég setti mér í upphafi að ljúka söluférlinu á þessu ári og að kaupandinn hefði sjálbær markmið í huga og sem samræmdist stefnumörkun Dalabyggðar.

Óska ykkur gleðilegs árs og takk fyrir það gamla!
Sjáumst fljótlega á næsta ári..

Mbk

Finnbogi Kristjánsson
Lögg. fasteigna- skipa og fyrirtækjasali
og lögg. leigumiðlari
897-1212

FRÓN fasteignamiðlun
Síðumúla 23, 2. hæð
108 Reykjavík

Finnbogi Kristjánsson lögg. fasteigna- skipa og fyrirtækjasali og lögg. leigumiðlari hefur starfað við fasteignasölu rúm 30 ár og er eigandi af FRÓN fasteignamiðlun. Sérhæfing í sölu og veðmötum á fasteignum. Einnig í fjármálum heimilanna, rekstri fyrirtækja og sölu bújarða m.m. . Finnbogi er menntaður í búfræðiferðamála- og viðskiptafræði svo af lögfræðisviði frá HÍ, Bifröst og Lbhi

Þann 30. desember 2017 kl. 18:18 skrifaði Sveitarstjóri Dalir <sveitarstjori@dalir.is>:

Sælir

Finnbogi fasteignasali hefur staðfest að ekki hafi borist annað tilboð í umræddar eignir Dalabyggðar og því liggur fyrir að ganga frá samningi við Arnarlón ehf.

Fyrir liggur samþykki Flugleiðahótela, annars meðeiganda Dalabyggðar í Dalagistingu. Ekki hafa borist skilaboð frá búnaðarfélögunum, hinum meðeigandanum en Dalabyggð og Flugleiðahótel geta lokið málinu. Því þarf ekki lengur að hafa fyrirvara um þetta.

Með tilvísun í fyrri samskipti s.s. tölvupóst Þórhalls og ábendingar og athugasemdir sveitarstjórnarfulltrúa legg ég til eftirfarandi:

1. Dalabyggð leigi núverandi húsnæði Byggðasafnsins til 10 ára á kr. 250.000 pr. mánuð (sbr. tilboð 18/12) eða 3,0 millj. kr/ári. Hitakostnaður er innifalinn. Leigan verði fyrirframgreidd þegar Dalabyggð hefur fengið í hendur 250 millj. kr. skv. greiðslutilhögun C sbr. tilboð 18/12. Leigjandi geti óskað endurskoðunar samnings eftir 5 ár og endurgreiði þá leigusali fyrirframgreidda leigu skv. samkomulagi.
2. Kaupandi lýsi yfir vilja til að leggja til lóð fyrir framtíðarhúsnæði Byggðasafnsins á Laugum komi til þess að sveitarstjórn telji fýsilegt að ráðast í slíka framkvæmd. Lóðinni verði fundinn staður við næstu breytingu deiliskipulags.
3. Listaverk hvers konar sem finna má í húsnæði Laugaskóla/hótels eru undanskilin við sölu.
4. Dalabyggð tengi núverandi vatnsveitu Lauga við Svínadalsveitu í síðasta lagi á árinu 2019. Tengigjald vegna þessa fellur niður. Dalabyggð leggur vatnsveitu að sumarhúsasvæði Sælingsdalstungu án endurgjalds en hvert hús greiðir stofngjald skv. gjaldskrá við tengingu. Vatnsnotkun greiðist skv. gjaldskrá Dalabyggðar.
5. Dalabyggð leggi fjölþræða ljósleiðara að Laugum á árinu 2018 og tengir hótelið án endurgjalds. Aðrar byggingar, íbúðar- og frístundahús á Laugum og Sælingsdalstungu verða tengdar ljósleiðarakerfi Dalabyggðar (Dalaveitna) skv. umsóknum og gegn greiðslu stofngjalds. Mánaðarlegt gjald (línugjald) greiðist skv. gjaldskrá.
6. Dalabyggð lýkur við tengingar á nýjum heitum potti sem komið hefur verið fyrir á sundlaugarsvæðinu.
7. Verktakasamningur um rekstur íþróttamiðstöðvar fylgir með í samningnum. Hugsanleg afnot Dalabyggðar af íþróttamannvirkjum verða rædd sérstaklega en eru ekki hluti af kaupsamningi.
8. Allur búnaður og innbú til hótélrekstrar og er í eigu Dalagistingar eða Dalabyggðar fylgir með í kaupunum og eftir því sem kostur er slíkur búnaður sem kann að vera að einhverju eða öllu leyti í eigu Flugleiðahótela eða Ungmenna- og tólmstundabúða. Þetta er þó að sjálfsögðu háð samkomulagi við viðkomandi.

Held að hér sé tekið á þeim álitamálum sem út af standa og vonast til að við lendum málinun í sátt og samlyndi á fyrstu dögum komandi árs.

Óska öllum árs og friðar.

Sveinn